

Sp.

220. Tillaga til þingsályktunar

[113. mál]

um endurskoðun skólalöggjafarinnar.

Flm.: Karl Kristjánsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að gera heildarendurskoðun á skólalöggjöf landsins og framkvæmdareglum hennar. Skal þess óskað, að Samband islenzkra barnakennara og Samband framhaldsskólakennara bendi sameiginlega á einn mann í nefndina, en tveir nefndarmennirnir skulu skipaðir án ábendingar.

Lögð skal á það áherzla við endurskoðun þessa að leita á grundvelli fenginnar reynslu af skipun skólamála í landinu fyrirkomulags, er sé hvort tveggja í senn: vænlegra til giftusamlegs uppeldis fyrir æskuna og kostnaðarminna fyrir þjóðfélagið en það fyrirkomulag, sem nú gildir.

Nefndin skili álit og tillögum til ríkisstjórnarinnar svo fljótt sem við verður komið.

Greinargerð.

Hin núgildandi almenna skólalöggjöf er frá árinu 1946. Hún hefur sætt mikilli gagnrýni og almennri, enda varð hún til undir áhrifum óvenjulegra tíma í lífi þjóðarinnar.

Gagnrýnin hefur verið margþætt. Forsvarsmenn löggjafarinnar hafa yfirleitt svarað henni og kröfum um breytingar á skipun skólamála með þeirri meginröksemd, að reynslutíminn sé ekki orðinn nógu langur til þess, að um löggjöfina verði dæmt og árangur hennar.

Þessi röksemd forsvarsmanna hefur fram undir þetta haft við nokkurn sannleika að styðjast. En nú er gildistími laganna orðinn svo langur, að röksemdin stenz ekki lengur, og það er áreiðanlega tímabært að taka þau til rækilegrar endurskoðunar. Óviturlegt er og skaðlegt að láta galla þá, sem í ljós eru komnir, og aðra, sem finnanlegir kunna að vera, vinna tjón um lengri tíma, þjóðlífið laga sig eftir þeim og vanann ef til vill fela þá.

Mikið er í veði, þar sem er uppeldi þjóðarinnar. Flm. þessarar tillögu telja, að t. d. sé í ljós komið:

að skólaskylduárin séu of mörg,

að skólasetan ár hvert í barnaskólum þéttbýlisins sé of löng,

að kerfisbinding kennslu og námsefna sé of mikil,

að hagnýtt nám til undirbúnings þátttöku í atvinnulífi þjóðarinnar sé vanrækt.

Allt eru þetta undirstöðuatriði — og nefnd sem dæmi um þörf endurskoðunar og lagfæringar.

Kostnaðurinn við framkvæmd skólalöggjafarinnar er enn fremur orðinn ískyggilega mikill. Hann hækkar ár frá ári á fjárlögum ríkisins. En auk útgjalda ríkissjóðs er bæði kostnaður sveitarfélaga og kostnaður nemendanna eða aðstandenda þeirra. — Sú hlið mála krefst einnig endurskoðunarinnar.

Flm. leggja til, að endurskoðunin verði falin þrem mönnum; álíta ekki til bóta að hafa nefndina fjölmennari. Þeir telja eðlilegt og heppilegt, að samtök kennara velji einn nefndarmanninn úr sínum hópi, en hins vegar gera þeir helzt ráð fyrir, þótt ekki sé það sett í tillögunu, að tveir nefndarmennirnir verði valdir utan kennarasamtakanna. Geta þá gagnrýnendur ekki tortryggt nefndina um, að atvinnusjónarmið kennarastéttarinnar séu þar í meiri hluta.